

Alþingi  
Erindi nr. þ 121 / 710  
komudagur 10 / 1 1997



Reykjavík, 07.01.97.

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
Hafdís Ólafsdóttir, nefndarritari,  
nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sóttvarnalög 191. mál.**

Sjúkrahús Reykjavíkur lýsir yfir fullum stuðningi sínum við frumvarpið sem það telur mjög tímabært. Mikilvægt er að fá heillega og nútímalega löggjöf um aðgerðir gegn hættulegum sóttum.

Þegar Farsóttaspítalinn í Reykjavík var lagður niður, fluttist starfsemi hans til Bæjarspítalans á 6. áratugnum. Bæjarspítalinn var síðan fluttur í Fossvog og nefndur Borgarspítalinn, nú Sjúkrahús Reykjavíkur. Frá upphafi var einn gangur spítalans hannaður sérstaklega sem farsóttadeild. Í ársbyrjun 1994 var stofnuð smitsjúkdómadeild við spítalann og endurbætur gerðar á deildinni til samræmis við nútímakröfur um einangrun sjúklinga með hættulega smitsjúkdóma. Ávallt hefur verið gert ráð fyrir því að reka göngudeild í tengslum við smitsjúkdómadeildina sem tæki á móti sjúklingum sem vísað væri þangað til rannsókna vegna mats á varasömum smitsjúkdómum, svo og til að fylgja eftir sjúklingum sem þurfa á langvarandi lyfjameðferð og eftirliti að halda vegna þessara sjúkdóma. Þessi stefna er því í góðu samræmi við 16. grein frumvarpsins þar sem tekið er fram að starfrækja skuli göngudeildir, vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma, sem veita meðferð og rekja smitleiðir.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er talað um smitsjúkdómadeild þegar væntanlega er átt við göngudeild smitsjúkdómadeildarinnar. Þar kemur fram að þegar hafi verið búið að setja á stofn slíka göngudeild á endurkomudeild Sjúkrahúss Reykjavíkur og að á árinu 1995 hafi 5 millj. króna verið varið til að hefja starfsemina. Rétt er, sem fram kemur, að sú deild er enn starfandi og gert hefur verið ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður hennar myndi nema um 6,5 millj. króna á ári. Væntir Sjúkrahús Reykjavíkur þess að þessi fjárveiting til spítalans haldist, ef frumvarpið verður að lögum.

Virðingarfyllt,



Jóhannes Pálmason, forstjóri.